

Skýrsla Vitans 2012-2013

Félagsmiðstöð



Formáli.

Starf Vitans gekk mjög vel í vetur. Þó má alltaf gera betur og er það markmið næsta árs/ára. Hér í þessari skýrslu verður farið yfir starf Vitans og fjallað ítarlega um helstu viðburði. Meðal annars verður farið yfir opnunarpartý, nýnemaballið, kvöldvaka á Hvaleyrarvatni, samskipti við skóla, Fíesta, hið árlega Gizmó, Stíl, söngvakeppnina, tækjamálin, skíðaferð, stelpu- og strákakvöld, Grunnskólahátíðina, árshátíðina, 6. og 7. bekkur og aðstöðu Vitans almennt. Ágúst, Ástrós, Aðalsteinn, Garðar Ingi, Jón Júlíus, Viktoría og Haukur á vegum félagsþjónustunnar skipuðu starfsfólk Vitans 2012-2013.

Efnisyfirlit	
Vika 1.....	4
Vika 2.....	4
September.....	5
Opnunarpartý.....	5
Nýnemaball.....	5
Kvöldvaka á Hvaleyrarvatni.....	5
Október.....	5
Halloween kvöld.....	5
Hafnarfjarðarstíll.....	5
Nóvember.....	6
Stelpukvöld.....	6
Foreldrakaffi.....	6
Fíesta.....	6
Desember.....	6
Gizmó.....	6
Jólaopnun Vitans.....	6
Janúar.....	7
Söngvakeppnin.....	7
Febrúar.....	7
Grunnskólahátíðin.....	7
Sundlaugapartý.....	7
Mars.....	7
Dragkeppni.....	7
Skíðaferð.....	7
Apríl.....	8
Árshátíð Vitans og Lækjarskóla.....	8
Grill.....	8
Mái.....	8
Strákakvöld.....	8
Vorhátíð.....	8
Annað.....	8
Tækjamál.....	8
Nýtt rými.....	9
Samband Lækjarskóla og Vitans.....	9
Lokaorð.....	9

Opnunartími Vitans skólaárið 2012-2013.

Vika 1.

Mánudagur kl. 17-19 – 6. og 7. bekkur.

kl. 19-22 – Unglingadeild.

Miðvikudagur kl. 17-22 – Unglingadeild.

Föstudagur kl. 17-22 – Unglingadeild.

Vika 2.

Mánudagur kl. 17-19 – 5. bekkur.

kl. 19-22 – Unglingadeild.

Miðvikudagur kl. 17-22 – Unglingadeild.

Föstudagur kl. 17-22 – Unglingadeild.

...og svo koll af kolli.

September.

Opnunarpartý.

Opnunarpartý Vitans var haldið 5. september 2012 og gekk mjög vel. Alls mættu 80 krakkar þar sem grillaðar voru pylsur og boðið upp á gos. Starfsfólk og starf Vitans kynnt fyrir þeim unglingum sem voru að koma upp í unglingadeild. Kynjahlutföll nokkuð jöfn í mætingu.

Nýnemaball.

Nýnemaballið var haldið 12. september 2012. Það hefur aldrei verið mikil hefð og stemming fyrir slíkum böllum, en í ár var svo sannarlega breyting á því. Yfir 100 unglingar mættu og skemmtu sér konunglega á ballinu. Dj. Alexander úr Hraunvallaskóla kom og spilaði fyrir dansi og heppnaðist það glimrandi vel. Við notuðum einnig tækifærið á þessu balli í að kynna nýskipað nemendaráð og taka kynningu nr. 2 á starfsfólki Vitans.

Kvöldvaka á Hvaleyrarvatni.

Fór fram 28. September 2012. Farið var fótgangandi og ágæt stemming. Á Hvaleyrarvatni voru grillaðir sykurpúðar og sungið. Nova gaf okkur söngbækur sem komu sér mjög vel. Kalt en gaman. Þetta er sennilega viðburður sem má færa fram á vorið. Það var farið að dimma heldur snemma og því þurfi að fara fyrr heim en áætlað var, ásamt því sem kuldinn var orðinn þónokkur í lokin.

Október.

Starf fyrir 5.-7. bekk hófst mánudaginn 1. október 2012.

Unglingadeildin var í Þórsmörk og Ölver dagana 1.-3. október 2012. Það eru ferðir sem heppnuðust mjög vel hjá Lækjarskóla og fór Ágúst sem starfsmaður Vitans í Þórsmörk. Það er mjög mikilvægt að starfsmaður frá Vitanum fari í slíkar ferðir og nýti þær til þess að tengjast unglingunum vel.

Halloween kvöld.

Nemendur gerðu draugahús og það laðaði unglingana að. Mjög góð stemming og frábær mæting. Um 70 krakkar og kynjahlutföll nokkuð jöfn. Allir hræddir og spenntir. Flottur viðburður sem á að halda við.

Hafnarfjarðarstill.

Var haldinn í Setbergsskóla 24. október 2012. Þrjú lið voru frá Vitanum að þessu sinni, það voru Þórdís Dröfn, Kushani & Valdís og svo Auður og hennar lið. Þemað í keppninni var Framtíðin og komust Kushani & Valdís áfram í aðalkeppnina sem haldin var í Smáranum Kópavogi. Þar fengu þær tækifæri að sýna sína hönnun fyrir framan nokkur þúsund manns. Svona tækifæri fá krakkarnir aðeins í gegnum frábært tómsundastarf ÍTH.

Nóvember.

Stelpukvöld.

Stelpukvöldið okkar var haldið 2. nóvember 2012. 34 stelpur mættu þrátt fyrir ömurlegt veður. Það voru steiktir afbragðssjoppuhamborgarar sem voru vel sveittir og góðir. Bara alveg eins og þeir eiga að vera. Stelpurnar bjuggu til lífræna beauty-masku sem vöktu mikla lukku og mikið myndaflipp í gangi. Myndakortið á myndavélinni fylltist! Á slaginu kl. 20 kom Kristín Tómasdóttir og talaði um sjálfsmynd og stelpur í rúman klukutíma og vakti mikla lukku. Frábært kvöld með frábærum stelpum. Það er algjörlega nauðsynlegt að halda svona kvöld á hverju ári.

Foreldrakaffi.

Haldið 7. nóvember 2012. Vitinn opinn fyrir foreldra/forráðamenn og þar höfðu þeir gott tækifæri til þess að koma, kynnst starfinu, starfsfólki og öllu því frábæra starfi sem unnið er innan veggja félagsmiðstöðvarinnar. Aðeins tveir foreldrar létu sjá sig. Þetta er viðburður sem mætti gera meira úr og auglýsa með góðum fyrirvara. Allir starfsmenn voru í húsinu og klárir í samræður við forvitna foreldra/forráðamenn. Miðasala á Fíestuna var í fullum gangi þetta sama kvöld, ásamt því sem við sýndum leik í meistaradeildinni í fótbolta.

Fíesta.

Fíestan var haldin 14. nóvember 2012. Árlegt ball sem Vitinn og Verið í Hvaleyrarskóla halda sameiginlega. Frábær mæting úr Vitanum þar sem 130 unglingar mættu. Það er um 90+% af unglingadeildinni. Í heild mættu 481 unglingur úr öllum skólum bæjarins á ballið sem heppnaðist ótrúlega vel. Um matinn sá Skólamatur og gerði Mexicó þema sem heppnaðist eins og allt annað þetta kvöld, mjög vel. Dj-Jay-O, Friðrik Dór og Úlfur Úlfur léku fyrir dansi. Húsið opnaði kl. 19:30 og stóð ballið til kl. 22:30. Rútur heim. Einn flottasti viðburður vetrarins.

Desember.

Gizmó.

Frá 26. nóvember – 5. desember voru daglegar Gizmóæfingar. Þann 5. desember var svo Gizmó haldið með pompi og prakt. Gizmónefndin er einungis skipuð nemendum úr 10. bekk. Það er hefðin. Allir fá hins vegar að taka þátt í keppninni sjálfri. 11 frábær atriði og allt gekk eins og í sögu. Mætingin var betri en undanfarin ár og mættu um 350 manns að horfa á keppnina í ár. Haffi Haff er fastagestur í dómnefnd keppinnar og tók hann lagið í lokin. Það var punkturinn yfir i-ið á frábæru GIZMÓKVÖLDI.

Jólaopnun Vitans.

Opið var yfir daginn frá kl. 11-16 þá daga sem opnir voru á milli jóla og nýárs.

Janúar.

Söngvakeppnin.

Söngvakeppni Hafnarfjarðar var haldin 23. janúar 2013. Þrjár flottar stúlkur tóku þátt frá okkur. Það voru þær Bryndís Rós, Auður og Þórdís Dröfn. Svo fór að Þórdís Dröfn sigraði keppnina og komst áfram í aðal söngvakeppni Samfés í Laugardalshöll. Þórdís Dröfn vann Hafnarfjarðarkeppnina með frumsömu lagi, en það verður að segja að stúlkurnar stóðu sig allar alveg glimrandi vel. Vitinn er mjög stoltur af þeim. Þórdís Dröfn er mikil listakona og fékk tækifæri lífsins, að syngja fyrir framan rúmlega 4000 öskrandi unglinga. Mikilvæg reynsla sem mun nýtast henni sem tónlistarkonu um ókomna tíð.

Febrúar.

Grunnskólahátíðin.

Grunnskólahátíðin var haldin með miklum flottheitum þann 6. febrúar 2013. Hátíðin heppnaðist einkar vel í ár og frábær mæting frá Vitnum. Ásgeir Trausti og Páll Óskar léku fyrir dansi. Mikil hamingja með ballið.

Sundlaugapartý.

Við erum það heppin hér í Lækjarskóla að búa við frábæra íþróttaaðstöðu sem inniheldur sundlaug. Þess höfum við í Vitnum fengið að njóta og haldið flott sundlaugapartý 1-2 á ári. Þá eru sett diskóljós í laugina og tónlistin er í botni. Þessi viðburður er mjög vinsæll hjá unglingunum. Það var frábær mæting í ár þegar við héldum sundlaugapartý 22. febrúar 2013. Kynjahlutföll mjög jöfn og þetta er algjörlega viðburður sem er fyrir bæði kyn og þeim þykir jafn skemmtilegur.

Mars.

Dragkeppni.

Dragkeppni Vitans var haldin 18. mars 2013. Það voru fimm þátttakendur sem tóku þátt og skemmtu sér mjög vel. Jón Foss og Veiga Dís sigruðu keppnina í ár. Mjög góð mæting og mikið hlegið. Hægt að gera meira úr á næsta/næstu árum.

Skíðaferð.

Skíðaferð Vitans var loks endurvakin í ár. Ekki hefur verið farið í slíka ferð í mörg herrans ár. Farið var í dagsferð í Bláfjöll með troðfulla 52 manna rútu af hressum og skemmtilegum krökkum. Flott veður á svæðinu og starfsfólk Bláfjalla allt hið almennilegasta. Engin alvarleg meiðsli og allir virtust skemmta sér konunglega. Farið var frá Lækjarskóla kl. 11 og komið heim til baka kl. 17. Ferð sem á að halda við núna.

Apríl.

Árshátíð Vitans og Lækjarskóla.

Árshátíð Vitans og Lækjarskóla var haldin 10. apríl 2013. Eins og með alla aðra viðburði Vitans í ár, var sett met í mætingu. Nánast 100% mæting unglunga á árshátíðina í ár. Þemað var Prom/Oscar og lögðu unglingarnir óendanlega mikið á sig til þess að gera hátíðina eins flotta og mögulegt var.

Árshátíðarvídjó, myndashow, tilnefningar, ræða formanns nemendaráðs og margt fleira á dagskrá. Skólamatur sá algjörlega um matinn og að dekkja upp salinn. Eins og áður, gerðu þeir þetta 100%. Virkilega flott og eiga þeir mikið hrós skilið, sem og starfsfólk Vitans og unglingarnir sjálfir. Skólinn tók virkan þátt í undirbúning fyrir hátíðina.

Grill.

Sumargrill var haldið 26. apríl 2013. Þar voru grillaðar pylsur og selt gos. Þetta var virkilega vinsælt og frábært veður. Unglingarnir voru úti í leikjum, fótbolta og körfubolta á milli þess sem þeir komu og nærðu sig. Gaman að verða með viðburði úti stöku sinnum.

Mái.

Strákakvöld.

Strákakvöld var haldið 13. maí 2013. Það var frábær mæting líkt og var hjá okkur á stelpukvöldið fyrr í vetur. Á dagskrá var bekkpressukeppni, FIFA mót, pizzuát og vandamálakassinn var á sínum stað, þar sem strákarnir gátu laumað nafnlausum spurningum og starfsfólkið reynt að svara eftir bestu mögulegu getu. Þessi viðburður er fastur liður hjá Vitnum og er mjög mikilvægt að halda honum við.

Vorhátíð.

Vorhátíð Vitans og Lækjarskóla var haldin 15. maí 2013, sem var jafnframt síðasti starfsdagur Vitans. Þar voru grillaðar pylsur, hoppukastali ásamt ýmsum öðrum leiktækjum. Vitinn setti upp hljóðkerfi og 3 stúlkur frá Vitnum tóku lagið við góðar undirtektir. Það voru þær Þórdís Dröfn, Bryndís Rós og Auður. Þórdís Dröfn og Jón Foss sáu svo um að kynna hátíðina. Foreldrafélagið sér að mestu um skipulag og utanumhald kringum hátíðina en Vitinn sér um að skaffa og redda því sem nauðsynlegt er. Þar má nefna, hljóðkerfi, skemmtiatriðum, kynnum og sjoppu. Heppnaðist mjög vel og er árlegur viðburður.

Annað.

Tækjamál.

Stefán O sá algjörlega um tækjamál Vitans í ár og stóð sig frábærlega. Hann fékk það metið sem val og var í hópavinnu hjá okkur. Stefán er strákur sem hefur undanfarin ár verið nokkuð týndur en fann sig algjörlega í þessu í vetur. Stjórnendur og kennarar skólans hafa dásamað þetta verkefni Vitans. Þetta hefur heppnast gríðarlega vel og strákurinn gjörsamlega blómstrar. Hann er sjálfur með bókhalda utan um allar eigur Vitans og einnig allt sem lánað er úr eigu Vitans. Hann hefur fundið sig

Það vel í þessu að hann fékk styrk frá kvikmyndafyrirtækinu KUKL til þess að framleiða sína fyrstu kvikmynd, sem er nú byrjað að taka upp. Fyrir þetta má þakka víðsýni Lækjarskóla og starfi Vitans. Best heppnaða verkefni Vitans í ár.

Nýtt rými.

Okkur tókst með mikilli vinnu að fá fram nýtt rými fyrir félagsmiðstöðina í vetur. Það rými er í raun gamla rými Vitans. Inn í það fengum við sófa, sjónvarp og þar geta unglingarnir nú slakað á og spjallað saman. Mikilvægt að halda í þetta rými.

Samband Lækjarskóla og Vitans.

Mikil vinna hefur farið í það að laga samband Lækjarskóla og Vitans sem var stíft í kjölfar breytinganna. Það hefur tekist mjög vel. Haraldur skólastjóri, Arna aðstoðarskólastjóri, Laugi deildarstjóri, Bjarni húsvörður ásamt Sólrúnu og Huldu á skrifstofunni fá öll 11 af 10 mögulegum í einkunn. Þau hafa verið stórkostleg við Vitann, starfsfólk hans og unglingana. Boðin og búin til þess að gera allt. Það má ekki gleyma öllum umsjónarkennurum sem hafa hjálpað okkur ótrúlega mikið. Þessu sambandi verður að halda áfram á þessari leið. Það þýðir ekkert að ganga hér um með ofsa eins og oft hefur verið gert.

Lokaorð.

Lækjarskóli er skóli án aðgreiningar. Það er því mjög mikilvægt að Vitinn fái, eins og í vetur, starfsmann frá félagsþjónustunni til þess að koma inn. Hér sækja starfið einstaklingar úr sérdeild, nýbúadeild og fjölgreinadeildinni. Það er alveg sama hvort þeir séu lítið fatlaðir eða mikið fatlaðir, það fá allir sömu þjónustu og því er mikilvægt að halda til haga. Starfið gekk heilt yfir mjög vel í vetur.

Ágúst Bjarni Garðarsson
Vitinn skólaárið 2012-2013